



## FRAMKVÆMDARÁÐ SSA

### FUNDARGERÐ

Fundur var haldinn í framkvæmdaráði SSA þriðjud. 8. feb. 2011.

Fundarstaður: Fundarsalur Atvinnuþróunarfélags Austurlands á Egilsstöðum. Hófst kl. 14:00.

Fundinn sátu: Valdimar O. Hermannsson, Páll Baldursson og Stefán Bogi Sveinsson, sem var í símasambandi. Einnig sat fundinn frkvstj. SSA, Bj. Hafþór Guðmundsson. Valdimar stýrði fundi.

Fundarefni:

1. Undirbúningur fundar með þingmönnum NA-kjördæmis 10. feb. 2011, m.a. v/ draga að nýjum menningarsamningi. Einnig undirbúin gögn fyrir fund í ráðuneyti menningarmála í viku nr. 7. Signý Ormarsdóttir, menningarfltr. Austurlands sat fundinn undir þessum lið að hluta til.

Fyrir liggja drög að nýjum menningarsamningi til þriggja ára. Hefð er fyrir því að slíkir samningar eru gerðir milli landshlutasamtaka sveitarfélaga og menntamála-ráðuneytisins. Á grundvelli þeirra gera sveitarfélögin innan svæða landshlutasamtakanna samninga sín á milli. Umrædd samningsdrög milli mmrn. og SSA hafa legið fyrir síðan um 20. jan., en málinu átti í raun að vera lokið fyrir síðustu áramót. Mjög brýnt er að fara að ljúka samningsgerðinni, enda er það lykilatriði fyrir Menningarráðið og einstök svæði / sveitarfélög að vita hve mikið fjármagn yrði til ráðstöfunar og í hvaða verkefni.

Á sínum tíma höfðu Austfirðingar í gegnum samstarfið á vettvangi SSA frumkvæði að menningarsamningi við ríkið, sem orðið hefur ákveðin fyrirmynd á öðrum svæðum. Nú vill ráðuneytið ganga frá sambærilegum samningum við öll landshlutasamtökin samtímis og til jafnlangs tíma (3ja ára). Sérstaða Austfirðinga hefur verið sú að hluti af fjármagni, er til menningarmála hafa runnið inn á svæðið hefur gengið til rekstrar fjögurra slíkra, en við útgöngu Hornfirðinga, fækkaði þeim að óbreyttu í þrjár.

Farið var yfir fyrirbyggjandi drög. Ákveðið að fela SO að vinna málið frekar í samráði við framkvæmdaráðið og eftir atvikum bæjarstjóra sveitarfélaga, sem vista menningarmiðstöðvarnar 3. Málið yrði síðan kynnt þingm. á framangr. fundi með þeim og eftir atvikum fullunnið til sendingar í mmrn. og fylgt eftir á fundi þar í næstu viku. (Hér vék SO af fundi).

Í framhaldinu var rætt um fleiri mál til að fara yfir með þingmönnum á fyrirhuguðum fundi.

2. Farið yfir stöðu verkefna á vegum SSA / sem tengjast starfi SSA.
  - a) AST (Austfirzkar stoðstofnanir).
  - b) AE (Austfirzk eining).
  - c) S 20 20 (Sóknaráætlun).

3. Hugmyndir um úrvinnslu ákv. gagna í verkefninu AE (sbr. lið 2 b)). Fyrir liggur tilboð frá Þróunarfélagi Austurlands um að vinna sambærilega skýrslu og gefin var út á síðasta ári á vegum Sambands sveitarfélaga á Vesturlandi vegna hugmynda um umfangsmikla sameiningu sveitarfélaga þar. Framkvæmdaráðið styður fyrir sitt leyti aðkomu ÞFA að málinu á grundvelli tilboðsins. Fyrir liggur stuðningur form. vinnuhópsins um AE við hugmyndina. Frkvstj. veitt heimild til setja umrædda vinnu í gang, enda er til fjármagn í stóran hluta verkefnisins vegna styrks frá Jöfnunarsjóði á sínum tíma.
4. Tímasetning stjórnarfundar í feb. 2011. Ákveðið var að fundurinn verði á Egilsstöðum 23. feb. n.k. og hefjist kl. 12:30.
5. Önnur mál.
  - a) Frkvstj. kynnti líttillega fyrirhugaðan fund í ráðuneyti samgöngumála vegna verkefnis um almenningsamgöngur, sem halda á mánud. 14. feb. Form. eða frkvstj. munu sitja fundinn f.h. SSA, ásamt Ingigerði Erlingsdóttur hjá ÞFA, sem unnið hefur að gagnaöflun frá sveitarfélögum á starfssvæði SSA og úrvinnslu þeirra.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 15:30.

Bj. Hafþór Guðmundsson (fundarstjóri)